

## Starfsnám í meistaranámi

<p><b>Önn og lengd</b></p>	<p>Nemendur geta sótt um starfsnám í stað valnámskeiðs. Starfsnámið er í öllum tilvikum ólaunað en nemendur fá 6 ECTS einingar fyrir fulla vinnu í 4 vikur (160 klukkustundir). Dreifa má þeim klukkustundafjölda á allt að 6 vikna tímabil.</p> <p>Í sérstökum tilvikum er hægt að samþykkja starfsnám sem er styttra eða lengra en fjögurra vikna viðmiðið. Einingar fyrir starfsnám, sem hluti af 90 eininga meistaraþráðu, geta þó aldrei orðið fleiri en 12 ECTS einingar.</p> <p>Hægt er að sækja um starfsnám til umsjónarmanns starfsnáms. Umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt upplýsingum um hvenær er óskað eftir að komast að í starfsnám og hver eru helstu áhugasvið umsækjenda.</p> <p>Ekki er sérstakur umsóknarfrestur en nemendur þurfa að athuga að því fyrr sem umsókn berst, því líklegra er að hægt sé að verða við beiðni um starfsnám. Skólinn getur ekki tryggt fyrirfram að pláss finnist fyrir alla þá sem sækja um starfsnám hverju sinni þar sem við treystum á samstarf fyrirtækja í þessum efnunum.</p> <p>Leitast er við að vinna úr umsóknum nægjanlega hratt til að nemendur geti gert aðrar ráðstafanir varðandi skráningar í námskeið ef ekki tekst að finna pláss fyrir alla umsækjendur.</p>
<p><b>Námslína</b></p>	<p>Starfsnámið er ætlað nemendum í öllum 60+ ECTS námslínunum meistaranáms.</p>
<p><b>Forkröfur</b></p>	<p>Nemendur skulu hafa lokið 30 einingum að lágmarki.</p>
<p><b>Tungumál</b></p>	<p>Ræðst af fyrirtæki/stofnun þar sem starfsnámið fer fram.</p>
<p><b>Kennari</b></p>	<p>Nemendur fá einn umsjónarmann í fyrirtækinu eða stofnuninni sem um ræðir sem fylgist með vinnu nemandans og leiðbeinir honum.</p>
<p><b>Kennsluaðferðir</b></p>	<p>Um er að ræða þjálfun á vinnustað sem tekur mið af starfsemi stofnunar/fyrirtækis. Handleiðsla er stór hluti</p>



	starfsþjálfunarinnar. Umsjónarmaður og nemandi hittast reglulega og meta vinnu og framvindu verkefna.
<b>Innihald og markmið</b>	Markmiðið með starfsnáminu er að bjóða nemendum upp á starfsþjálfun undir faglegri handleiðslu reyndra stjórnenda í fyrirtækjum og stofnunum.
<b>Hæfniviðmið</b>	Að starfsnámi loknu eiga nemendur: <ul style="list-style-type: none"><li>• að kunna að beita viðeigandi aðferðum við þau verkefni sem þeim voru falin.</li><li>• að hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og geta sett upp verkáætlun og fylgt henni.</li><li>• að vera færir um að hagnýta þekkingu sína og leikni í viðkomandi starfi eða verkefnum sem þeim eru falin á starfsnámsstímanum.</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Nemandi heldur dagbók með reglulegum færslum um þau verkefni sem hann vinnur sem ber að skila til umsjónarmanns starfsnáms.  Umsjónarmaður í fyrirtæki/stofnun vottar ástundun nemanda og verkefnavinnu í lok starfstímans og skilar endurgjöf til skólans.  Fyrir starfsnám er gefin einkunnin staðið/fallið.
<b>Lesefni</b>	Eftir því sem verkefni krefjast.